

Alþingi
Nefndasvið
150 Reykjavík

nefnadasvid@althingi.is

Mál: Umsögn um tillögu til þingsályktunar um stefnu stjórnvalda um uppbyggingu flutningskerfis raforku, 179. mál.

Samtök atvinnulífsins eru sammála meginefni þingsályktunartillögunnar.

Samtökin telja B. og C. liði tillögunnar sérstaklega mikilvæga. Þar er annars vegar lagt til að gerðar verði rannsóknir á tæknilegum lausnum við lagningu raflína og þáttum eins og áhrifum á raforkuverð og afhendingaröryggi. Hins vegar er lagt til að endurskoða skuli meginreglur um lagningu raflínu og hlutfall jarðstrengja eins og það var samþykkt í þingsályktun 11/144 um stefnu stjórnvalda um lagningu raflína. Niðurstöður þessara athugana eiga að liggja fyrir eftir eitt ár eða þar um bil.

Samtökin skiludu umsögn um tillöguna sem samþykkt var sem ályktun 11/144 og lýstu miklum áhyggjum af kostnaði við markmið um hlutfall jarðstrengja sem þar voru sett. Samtökin höfðu jafnframt áður bent atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu á nauðsyn þess að gera þyrfti vel grein fyrir kostnaðinum sem auknu hlutfalli jarðstrengja fylgdi. Í umsögninni eru rakin dæmi úr kynningum Landsnets um tugmilljarða króna kostnaðarauka vegna jarðstrengja sem krefjast myndu mikilla gjaldskrárhækkana. Samtökin eru því eindregið sammála B. og C. liðum tillögunnar.

Í A. lið tillögunnar eru talin upp 15 atriði sem leggja á til grundvallar við uppbyggingu flutningskerfis raforku. Þessi atriði eru almenn, jákvæð og leggja áherslu á að uppfylla þarfir orkunotenda um allt land, gætt verði hagkvæmi, öryggis, hugað að umhverfisáhrifum, stutt við orkuskipti og hagkvæmni jarðstrengja skoðuð. Undir þetta allt taka samtökin.

Samtökin gera hins vegar athugasemd við seinni lið 4. liðar tillögunnar um að „(e)kki verði ráðist í línulagnir yfir hálendið“. Óljóst er hvað átt er við með hálendi. Er átt við að raflínur megi ekki leggja í tiltekinni hæð yfir sjávarmál? Eða er átt við miðhálendið eins og það kann að verða skilgreint? Svo geta líka vaknað spurningar um orðið „yfir“ þ.e. hvort það skapi rými fyrir jarðstrengi eða ekki? Fortakslaust markmið, sem þetta, getur komið í veg fyrir að hagkvæmustu leiðir fyrir raflínur verði valdar eða þær sem minnst hafa umhverfisáhrif. Samtökin leggja því til að þessi setning verði felld burt úr tillögunni eða að minnsta kosti endurskoðuð.

Að öðru leyti hvetja Samtök atvinnulífsins til þess að tillagan verði samþykkt.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins



Pétur Reimarsson